

# Reglur lista- og menningarsjóðs Kópavogs

## Hlutverk

Lista- og menningarráð fer með stjórn sjóðsins. Það er skipað fimm mönnum og jafnmögum varamönnum, sem bæjarstjórn Kópavogs kýs. Starfstimabil stjórnarinnar er hið sama og bæjarstjórnar. Eitt af hlutverkum lista- og menningarsjóðs er að efla lista- og menningarlf i Kópavogi, styrkja starf Menningarhússanna í Kópavogi, framfylgja menningarstefnu Kópavogsbæjar, skapa vettvang fyrir fjölbreytt menningar- og listalif og stuðla að fræðslu og miðlun lista og visinda.

## Tekjur

Tekjur sjóðsins eru:

- Á fjárhagsáætlun Kópavogsbæjar renna i sjóðinn 0,5% af 6,7% útsvarsstofni nema annað sé ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar.
- Aðrar tekjur sem sjóðnum kann að áskotnast.

## Ráðstöfun tekna lista- og menningarsjóðs

Tekjum sjóðsins skal m.a. varið á eftirfarandi hátt:

- Til kaupa á listaverkum.
- Til launa bæjarlistamanns Kópavogs og útnefningar heiðurslistamanns.
- Til ljóðahátiðarinnar Ljóðstafur Jóns úr Vör.
- Til almennrar lista- og menningarstarfsemi i bæjarfélaginu.
- Til árlegra styrkveitinga til einstaklinga, hópa og stofnana vegna almennrar menningarstarfsemi.

## Styrkúthlutanir

Lista- og menningarsjóður Kópavogs veitir styrki til einstaklinga, listhópa, félagasamtaka, fyrirtækja og stofnana og til almennrar menningarstarfsemi eða verkefna á sviði lista, hönnunar eða arkitektúrs, sem eru i samræmi við menningarstefnu Kópavogsbæjar. Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun styrkja. Stjórnin getur ákveðið sérstakar áherslur við styrkúthlutan hverju sinni og verða þær þá að koma fram i auglysingu. Að hausti ár hvert eru auglýstir til umsóknar styrkir úr lista- og menningarsjóði með fjögurra vikna umsóknarfresti. Umsækjendur verða að sýna fram á gildi þeirra verkefna sem sött er um styrk til á sviði lista- og menningarmála í Kópavogi, sýna fram á getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd á næsta starfsári og leggja fram skýra fjárhagsáætlun þar sem tilgreindir eru kostnaðarliðir og aðrar fjármögnunarleiðir.

## Styrkir til almennrar menningarstarfsemi

Styrkir til almennrar menningarstarfsemi skulu veittir einstaklingum, menningarstofnunum og listhópum sem sannað hafa gildi sitt i menningarlfí i Kópavogi eða geta með skýrum haetti sýnt fram á gildi starfs sins, án þess þó að styrkir séu tengdir ákveðnu verkefni. Í umsókn skal greina frá starfi, leggja fram starfsáætlun næsta árs, birta fjárhagsáætlun þegar um rekstur eða viðburði er að ræða, og upplýsa um aðrar fjármögnunarleiðir til starfsins.

Lista- og menningarsjóður heldur eftir að hámarki 5% af óbundnu styrkjafé til að úthluta eftir árlega afgreiðslu. Úthlutun þess fjár kemur aðeins til greina vegna tilfallandi verkefna eða viðburða sem ber brátt að og ekki var hægt að sjá fyrir eða skipuleggja í aðdraganda almennrar styrkjaúthlutanar.

## Mat á umsóknum

Við mat á umsóknum skal menningarstefna Kópavogs höfð til hliðsjónar. Auk þess er horft til eftirfarandi þátta:

- Listræns mats á verkefninu og faglegrí hæfni aðstandenda.
- Verkefna sem fela í sér frumsköpun eða frumflutning.
- Leitast er við að hafa endurnýjun eða nýliðun styrkþega að leiðarljósi.
- Hvernig verkefnið/starfsemin auðgar menningarlfíð í Kópavogi og hvernig fjármunirnir muni nýtast í því samhengi.
- Hversu líklegt er að verkefnið verði að veruleika, laði að frekara fjármagn og að aðstandendur verkefnisins geti hrint því í framkvæmd.
- Gæða, vinnslu og framsetningar umsóknar, og faglegra vinnubragða.

Athugið að ekki eru veittir styrkir vegna ferða, útgáfu efnis eða vefsíðugerðar.

## Styrkúthlutanir

Lista- og menningarsjóður og styrkþegi gera með sér samning sem m.a. kveður á um fyrirkomulag greiðslu styrksins og eftirfylgni. Þar skal koma fram að styrkþegi skuli skila greinargerð um árangur starfs eða verkefnis fyrir árslok og jafnframt skal gerð grein fyrir ráðstöfun styrksins. Lista- og menningarsjóður veitir ekki styrk aftur til þeirra sem ekki hafa skilað greinargerð vegna fyrri styrkja. Lista- og menningarsjóður áskilur sér rétt til að segja upp styrksamningi ef forsendubrestur verður eða vanefndir af hálfu styrkþega. Styrkir til verkefna eru ekki að fullu greiddir fyrr en við lok verkefnisins og eftir að greinargerð hefur verið skilað.

Peir sem njóta styrkja frá lista- og menningarsjóði skulu geta þess i kynningarefni sinu.

## Umsóknareyðublöð

Allar umsóknir þurfa að berast rafrænt. Nánari upplýsingar er að finna á vef Menningarhússanna í Kópavogi, menningarhusin.kopavogur.is

Samþykkt i lista- og menningarráði 10. október 2019.

